

25. Júlí, 2008



Friðrik Sophusson
Bjarkargötu 10, 101 Reykjavík

NAUÐSYNLEGT BROTTVÍSUNARBRÉF

Kæri Friðrik,

Með þessu bréfi viljum við tilkynna að þér og fjölskyldu þinni er gert að fara brott frá heimili ykkar á Bjarkargötu 10 fyrir kl. 12:00, Föstudaginn 25. Júlí 2008. Við gerum okkur grein fyrir því að þetta er stuttur fyrirvari, en vegna nauðsynjar fyrirhugaðra verkefna okkar fyrir sjálfbæra styrkingu íslensk efnahagslífs og þess stutta tíma sem við höfum til þess að stuðla að fekkari iðnvæðingu og þróun þessa lands, getur það því miður ekki alltaf verið í okkar höndum að láta borgara á borð við þig vita með góðum fyrirvara.

Landsvirkjun hefur lögin sér við hlið og hefur vald til að taka yfir eign þína þar sem nauðsynlegt er að reisa nýja virkjun sem mun ásamt fyrirhuguðum virkjunum í Þjórsá, framleiða orku fyrir frekari uppbyggingu stóriðju á suðvestur horni landsins. Við höfum ákveðið að ganga nú skrefinu lengra en venjan er í viðræðum við landeigendur. Þú, af öllum hlýtur að skilja að hefðbundnar, vikulegar heimsóknir, mútur og hótanir, eru ekki notaðar gegn fjölskyldum eins fjárhagslega vel stæðum og þín fjölskylda er.

Við vitum að þú ert viljugur til samstarfs um frekara góðæri fyrir íslensku þjóðina. Því ef við fjárfestum ekki í þessum iðnaði munum við – íslenska þjóðin – þurfa að yfirgefa lúxus heimili okkar og neyðumst til að flytja aftur í moldarkofana þar sem við munum eyða dögum í kulda og hungri. Þetta á við um alla þjóðina og þess vegna biðjum við þig um skilning og samvinnu hvað varðar brottvísun þessa. Ef ekki, er eini valkostur okkar að beita eignarnámi með lögin okkur við hlið.

Með von um gott samstarf,

Þorsteinn Hilmarsson,
Upplýsingafulltrúi Landsvirkjunnar